

**Fundargerð samráðsfundar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., Umhverfisstofnunar og
Heilbrigðiseftirlits Suðurlands haldinn í húsakynnum Heilbrigðiseftirlitsins að
Austurvegi 65, Selfossi, þriðjudaginn 8. desember 2015 kl. 10:00**

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson og Ómar Sigurðsson frá Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., Gottskálk Firðgeirsson frá Umhverfisstofnun og Sigrún Guðmundsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Þetta gerðist:

1. Rekstur urðunarstaðarins á Strönd.

Rætt um urðunarstaðinn á Strönd. Strönd er bæði móttöku og urðunarstaður. Þar er mest umhleðsla á úrgangi sem síðan er flutt til Reykjavíkur svo sem heimilisúrgangur, járn, sláturúrgangur, spilliefni o.fl., grófur úrgangur er urðaður á Strönd. Síðustu niðurstöður mælinga voru afhentar heilbrigðiseftirlitinu á fundinum.

2. Endurskoðun mæliáætlana.

Farið yfir kröfur um mælingar í nýju starfsleyfi.

3. Hugsanlegar breytingar á starfsleyfi.

Vakin er athygli á því að búið sé að taka úr drögum að nýju starfsleyfi tilvitnun í móttöku og flokkunarstöð. Nú er einungis getið um urðunarstað. Þetta þarf að skoða nánar í nýju starfsleyfi.

4. Önnur mál.

Bent var á að skoða þær áætlanir sem þurfa að liggja fyrir þegar nýtt starfsleyfi verður gefið út í samræmi við fyrirliggjandi drög að nýju starfsleyfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:05

A. Ing. Ólafsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Ómar Sigurðsson
Ómar Sigurðsson